

Jafnlaunastefna Húnaþings vestra

Húnaþing vestra leggur ríka áherslu á að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, með það að markmiði að launamunur sé ekki til staðar. Sveitarfélagið vill tryggja jafnrétti og jafna stöðu óháð kyni innan stofnunarinnar sem og að hæfni, kraftur og kunnátta starfsmanna sé nýtt til fulls án þess að kynbundinn mismunur komi upp. Jafnlaunastefna þessi nær til allra starfsmanna Húnaþings vestra.

Ósk Húnaþings vestra er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem allir hafa jöfn tækifæri í starfi.

Sveitarfélagið mun framfylgja lögum nr. 150/2020 þar sem staða kynjanna er jöfn á öllum sviðum samfélagsins. Ákvarðanir skulu teknar í samræmi við kjara- og stofnanasamninga og byggjast á málefnalegum forsendum óháð kyni.

Sveitarfélagið mun framfylgja jafnlaunastefnu sinni með eftirfarandi aðgerðum:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi sem byggir á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, það verði skjalfest og því viðhaldið.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort að mælist munur á launum eftir kyni. Helstu niðurstöður verða kynntar fyrir starfsfólki.
- Komi upp óútskýrður launamunur verður brugðist við stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma skv. lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og reglugerð nr. 1030/2017 um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85.
- Kynna jafnlaunastefnuna árlega fyrir starfsmönnum Húnaþings vestra. Jafnlaunastefnan verður aðgengileg á heimasíðu Húnaþings vestra.

Samþykkt af byggðarráði Húnaþings vestra á 1118 . fundi þann 20. desember 2021.

Samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra á 347 . fundi þann 13.janúar 2022.